

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023 – auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna - Hallsvegur vegna lóðarinnar nr. 14

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14, birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 2. nóvember 2023. Tillagan er í kynningu frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Stekkarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. október 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna - Hallsvegur vegna lóðarinnar nr. 14 við Lambhagaveg vegna nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu á lóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingareit fyrir afgangi auk þess sem byggingarreit er stækkaður og byggingarmagn aukið. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 14. desember 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögunar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.
mkv.

Puríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.